



## - Samstarfssamningur -

**Reykjanesbær og Embætti landlæknis** gera með sér samstarfssamning um þróunarverkefnið „Heilsueflandi samfélag“. Verkefnið miðar að því að efla lýðheilsu og lífsgæði íbúa **Reykjanesbæjar** með markvissum þverfaglegum heilsueflingaraðgerðum.

Markmið verkefnisins eru að:

- Koma á fót heilsueflandi samfélagi með öfluglu lýðheilsustarfi í þágu fólks á öllum æviskeiðum
- Nýta fjölbreyttar, markvissar og heilðrænar aðgerðir til að auðvelda fólki að taka heilsusamlegar ákvarðanir og lifa heilbrigðu lífi.
- Vekja athygli á og draga úr ójöfnuði hvað varðar heilbrigði og lífnaðarhætti.
- Draga úr tíðni og afleiðingum langvinnra sjúkdóma með margvíslegu forvarnar- og heilsueflingarstarfi.

Verkefnið miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heilðræna heilsueflingu allra aldurshópa. Hann mun innihalda m.a. gátlista, viðmið og árangursmat auk tækja og tóla í verkfærakistu „Heilsueflandi samfélags“ sem nýst getur í öðrum samfélögum á Íslandi.

Samstarfið beinist einkum að áhrifaþáttum heilbrigðis sem eru lagðir til grundvallar þeim fjórum áhersluþáttum sem vinnuhópur verkefnisins **Heilsueflandi Reykjanesbær** hefur skilgreint á þessa leið:

- Næring
- Hreyfing
- Geðrækt
- Lífsgæði

### Hlutverk samningsaðila:

**Reykjanesbær** – leggur verkefninu til gögn, tryggir þátttöku sveitarfélagsins og stofnana hans í verkefninu, stuðlar að kynningu þess.

**Embætti landlæknis** – leggur til sérfræðiráðgjöf, stuðning, aðgengi að gögnum, nýjustu upplýsingar úr alþjóðlega fræðasamfélaginu og auðkennismerki verkefnisins, ásamt því að koma að mælingum, gerð viðmiða og gátlista.

Stöðugreining hefur nú þegar farið fram og munu samningsaðilar forma í sameiningu verkefnis- og aðgerðaáætlanir byggðar á henni og varða þannig leið verkefnisins. Áætlaður verktími er til ársins 2020 (samtsals 4 ár) en framvinduskýrsla verður gerð árlega.

F.h. Embættis landlæknis, **Birgir Jakobsson**



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health

F.h. Reykjanesbæjar, **Kjartan Már Kjartansson**

**REYKJANESBÆR**